

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Borgarbyggð.

Niðurskógur í landi Húsafells 3, deiliskipulagsbreyting.

Skipulags- og byggingarnefnd, sem fer með fullnaðarafgreiðsluvald sveitarstjórnar skv. samþykkt um stjórn Borgarbyggðar, samþykkti breytingu á deiliskipulagi Niðurskógar í landi Húsafells 3 frá árinu 2003, á fundi sínum 4. september 2023. Breytingin tekur til stækkunar byggingarreits og aukningar á hámarksbyggingarmagni fyrir eina lóð, Hraunbrekkur 33.

Skipulagsáætlunin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

Borgarbyggð, 4. janúar 2024.

F.h. skipulagsfulltrúa,

Ásgerður H. Hafsteinsdóttir verkefnastjóri skipulagsmála.

B-deild – Útgáfudagur: 18. janúar 2024